



RÍKISENDURSKOÐUN

Skúlagötu 57, 105 Reykjavík IS-Iceland.

Alþingi
Erindi nr. P 136/1148
komudagur 10.3.2009

Nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8-10,

Dagsetning
10. mars 2009

Tilvísun
A-8
LÖ/bb

150 Reykjavík.

Vísað er til erindis efnahags- og skattanefndar Alþingis, dags. 6. þ.m., þar sem óskað er umsagnar um frv. til laga um breyting á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, og lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, með síðari breytingum, 366. mál.

Með frumvarpinu eru í stórum dráttum lagðar til eftirtaldar breytingar á lögum um tekjuskatt og lögum um staðgreiðslu:

1. Innheimtur verði tekjuskattur af vöxtum, sem greiddir eru úr landi.
2. Tekin af tvímæli að eftirgefnar skuldir skv. nauðasamningi um greiðslu- aðlögun teljist ekki til skattskyldra tekna.
3. Hert er á kröfum um skil banka og annarra fjármálafyrirtækja á upplýsingum til skattyfirvalda um afleiðuviðskipti, eignastýringu, milligöngustarfsemi o. fl.
4. Íslenskum móðurfélögum verði gert að skila skattyfirvöldum upplýsingum um tekjur viðskiptavina erlendra dótturfélaga ef þeir eru skattskyldir hérlandis.
5. Lögfest verði ákvæði um að skattleggja skuli aðila, sem eiga beina eða óbeina eignaraðild að félögum, sjóðum eða stofnunum í lágsfattaríkjum.
6. Gildistöku ákvæðis um meðferð söluhagnaðar af fasteignum, sem ekki er heimilt að fyrna, verði frestað til álagningar 2010 í stað 2009.

Til svars erindinu tekur Ríkisendurskoðun fram að hún hefur engar athugasemdir fram að færa við ofangreint frumvarp.

Erinn Aron

Lárus Gu.